Nr. 43.
16.
nóvbr.

# Póstlög.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 11. gr. í lögum 16. nóvember 1907 um breytingar á póstlögum 13. september 1901 höfum látið semja texta síðarnefndra laga með þeim breytingum, sem nefnd lög 16. nóvember 1907 innihalda, og gefum hann hjermeð út sem

## Póstlög.

---

### I. kafli.

### Um stjórn póstmála.

1. gr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefur á hendi stjórn hinna íslenzku póstmála innanlands undir yfirstjórn stjórnarráðs Íslands.

2. gr.

Til flutnings með póstum, frá einni póststöð til annarar, skal veita móttöku:

a. Lausum brjefum; skal þar til telja:
   1) Hvað eina, sem er með brjefalagi (almenn brjef og spjaldbrjef);
   2) Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi eða aðeins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru og snið;

   skulu sendingar þessar vera með utanáskript, en hvorki má skrifa á þær verð nje að aðrir munir fylgi þeim. Á tímabilinu 15. apríl til frá 14. október, að báðum dögum meðtöldum, má prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi eigi vera þyngra en 2 kílógrömm (4 pund), og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum með töldum, eigi þyngra en $3/4$ kílógramms ($1 1/2$ pund). Sýnishorn af vöru eða snið má eigi vera þyngra en 250 grömm (50 kvint).

   Sendingarnar eru skoðaðar ábyrgðarsendingar, ef utan á þeim stendur »mælt með«, »á hendur falið« eða »NB.« og undir þær er borgað fyrirfram að fullu.

   Öll þau brjef skulu vera ábyrgðarbrjef, sem lögð er inn í gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sje tilgreind.

b. Peningabrjefum; telst þar undir allt, sem er með brjefalagi, eigi þyngra en 250 grömm (50 kvint) og svo á sig komið, sem fyrir er mælt í staflið a., þegar

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Postlov.

Nr. 43.
16.
Novbr.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: At Vi i Henhold til § 11 i Lov 16. November 1907 om Forandringer i Postlov 13. September 1901 har ladet affatte Teksten af sidstnævnte Lov ændret saaledes som ovennævnte Lov af 16. November 1907 medfører det og herved udfærdige den som

## Postlov.

---

### Afsnit I.

Om Postvæsenets Bestyrelse.

§ 1.

Bestyrelsen af det indre islandske Postvæsen er hos Postmesteren i Reykjavik under Islands Ministeriums Overledelse.

§ 2.

Til Forsendelse med Posterne fra Poststed til andet modtages:

a. Løse Breve, hvortil henregnes:
 1) enhver Genstand, der forsendes i Brevformat, (almindelige Breve og Brevkort),
 2) trykte Sager under Kors- eller Enkeltbaand eller simpelthen sammenlagte eller bestaaende af aabne Kort, Vareprøver og Mønstre,

naar de ere forsynede med Adresse og ikke have Paategning om nogen Værdi eller om, at nogen anden Genstand medfølger. I Tidsrummet fra 15. April til 14. Oktober, begge Dage medregnede, maa trykte Sager under Kors- eller enkelt Baand ikke veje over 2 Kilogram (4 Pund), og i Tidsrummet fra 15. Oktober til 14. April, begge Dage medregnede, ikke over $3/4$ Kilogram ($1\frac{1}{2}$ Pund). Vareprøver og Mønstre maa ikke veje over 250 Gram (50 Kvint).

De betragtes som anbefalede, naar de ere paategnede »Anbefales«, »Rekommanderes«, eller »NB.« og forud ere fuldstændig frigjorte.

Alle Breve, i hvilke der uden Værdiangivelse ved Forsendelsen indlægges gangbar Mønt, Pengerepræsentativer, Obligationer lydende paa Ihændehaver eller andre Forskrivninger, der gælde i Hvermands Haand, skulle være anbefalede.

b. Pengebreve, hvortil henregnes enhver Genstand i Brevformat, der ikke vejer over 250 Gram (50 Kvint) og er af den under Litra a. anførte Beskaffenhed, naar

Nr. 43. 16. nóvbr.

verð hins innlagða er tilgreint og það er annaðhvort peningar eða verðbrjef. Fulla upphæð þarf ekki að tilgreina, nema sá beiðist tölu á, sem sendir, þegar hann afhendir sendinguna.

c. B ö g g l u m; teljast þar undir allar aðrar sendingar en tilgreindar eru í stafliðunum a. og b., sem hægt er að senda með póstum og vísað er til ákveðinna móttakenda og eru í lokuðum umbúðum svo sem hlýðir.

Öllum bögglum skal fylgja fylgibrjef þannig lagað sem póststjórnin leggur fyrir. Í fylgibrjefið má leggja almennt brjef verðlaust og ábyrgðarlaust. Fylgibrjefið má ekki vera yfir 20 grömm (4 kvint) að þyngd, en verður ekki talið þyngra, þótt lykill að sendingunni fylgi. Fylgibrjef má ekki fylgja öðrum sendingum en bögglum.

d. P ó s t á v í s u n u m, þ. e. ávísunum á peningaupphæðir, sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út á öðru.

Til póstávísana má aðeins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

e. P ó s t k r ö f u m, þ. e. kröfum um innheimtu á peningaupphæðum.

Undir póstkröfur má aðeins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

f. B l ö ð u m o g t í m a r i t u m, sem menn skrifa sig fyrir; skal þar til telja sjerhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað á líkan hátt, þegar það á að koma út einu sinni eða optar á ári í heptum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur eigi yfir 250 grömm (50 kvint).

### 3. gr.

Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegjar á póstskipum og vagnstjórar eða farþegjar á póstvögnum mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis sendingar, sem taldar eru í 2. gr. a. 1. og b.

Þó gilda þessar undanþágur:

1) Þegar póstsjóður verður ekki fyrir neinum tekjumissi við það, að sendingarnar eru eigi fluttar með pósti.

2. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður eða hefur sent hann með þær.

Útgjörðarmenn póstskipa og póstvagna mega nota þessi flutningsgögn sín til að flytja brjef og peningasendingar í þágu útgjörðarinnar einnar, milli stjórnendanna og starfsmanna þeirra og starfsmannanna sín á milli.

### 4. gr.

Póststjórnin ákveður, hversu mikið af munum þeim, sem getið er um í 2. gr., póstur geti tekið til flutnings og ráðstöfunar m. m., svo og hver skilyrði skuli gjörð og hverjar reglur settar í slíkum greinum. Hún ákveður, hvenær póststofur, póstafgreiðslu- og brjefhirðingastaðir skuli taka á móti og afhenda póstsendingar, og hvenær póstkröfuviðskipti geti byrjað innanlands og hvernig póstávísana- og póstkröfuviðskiptum skuli hagað, svo og hvaða pósthús geti tekið þátt í þeim.

### 5. gr.

Með póstum má ekki flytja:

a. Hluti, sem bannað er að breiða út,

b. Hluti, sem að ytra áliti bera með sjer eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi;

der er angivet en vis Værdi af Indholdet, og dette bestaar enten i Penge eller Papirer. Det er ikke nødvendigt at angive den fulde Værdi af Indholdet, medmindre det ved Indleveringen begæres eftertalt.

c. Pakker, hvortil henregnes enhver ikke under Litra a. og b. anført til Postforsendelse egnet Genstand, der er stilet til en bestemt Modtager og er under fyldestgørende Lukke og Indpakning.

Alle Pakker skulle ledsages af Adressebreve af den af Postvæsenet foreskrevne Beskaffenhed. I Adressebrevet kan indlægges et almindeligt Brev uden Værdi og Anbefaling. Adressebrevet maa ikke veje over 20 Gram (4 Kvint), dog medregnes en til en medfølgende Pakkeforsendelse hørende Nøgle ikke i Vægten. Andre Forsendelser end Pakker maa ikke ledsages af Adressebrev.

d. Postanvisninger, d. v. s. Anvisninger paa Pengebeløb, som indbetales paa et Posthus for at udbetales paa et andet.

Til Postanvisninger kunne kun benyttes de af Postvæsenet udfærdigede Blanketter.

e. Postopkrævninger, d. v. s. Ordrer paa Inkassering af Pengebeløb.

Til Postopkrævninger kunne kun benyttes de af Postvæsenet udfærdigede Blanketter.

f. Tidender og Tidsskrifter, paa hvilke der abonneres, hvortil henregnes enhver Avis eller ethvert Skrift, der mangfoldiggøres ved Trykken eller paa anden lignende Maade, naar det agtes udgivet en Gang eller oftere aarlig i Leveringer, som have en fælles Titel og hver især ikke veje over 250 Gram (50 Kvint).

§ 3.

Postførerne, deres Følgemænd eller Rejsefæller, Befalingsmænd, Funktionærer, Mandskab eller Passagerer paa Postskibene og Kuske eller Passagerer paa Postvognene maa ikke befordre eller medtage de i § 2. a. 1 og b. nævnte Forsendelser, dog med følgende Undtagelser:

1) naar Postvæsenet ikke lider noget Indtægtstab ved, at Forsendelserne ikke befordres med Posten;
2) naar nogen befordrer Forsendelser for sig selv eller for en anden, til hvem han staar i Afhængighedsforhold, eller hvis Bud han er.

Postskibenes Rederier og Udlejerne af Postvogne kunne med deres egne Befordringsmidler befordre Breve og Pengeforsendelser i rent tjenstlige Anliggender mellem de paagældende Bestyrelser og deres Funktionærer samt mellem disse sidste indbyrdes.

§ 4.

Det Omfang, hvori Postvæsenet kan paatage sig Befordring og Besørgelse m. v. af de i § 2 nævnte Genstande, samt de Betingelser og Formaliteter, der i saa Henseende skulle opfyldes, fastsættes af Postbestyrelsen. Den bestemmer, til hvilke Tider Posthuse, Postekspeditioner og Brevsamlingssteder skulle modtage og udlevere Postforsendelser, naar indenlandsk Udveksling af Postopkrævninger kan begynde og hvorledes Udveksling af Postanvisninger og Postopkrævninger skal ordnes.

§ 5.

Udelukkede fra Postbesørgelse ere:

a. Genstande, hvis Udbredelse er forbudt;
b. Genstande, hvis Ydre frembyder noget ulovligt, usømmeligt eller fornærmende;

Nr. 43. 16. nóvbr.

c. Hluti, sem hætta er búin af að flytja, t. d. eldfima, sprenghætta, etandi eða þess konar hluti, svo og daunilla hluti.

Sje þagað um innihald þess konar sendinga eða rangt skýrt frá um það, á póststjórnin heimting á bótum fyrir þann skaða, sem af þeim hlýzt.

6. gr.

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefur póststjórnin heimild til að taka að sjer önnur störf, sem samrýmanleg eru við ætlunarverk hennar, svo sem að láta bera út brjef með hraðbera og að annast um flutning á innansveitar- og innanbæjarsendingum. Hún ákveður þá burðar- og flutningsgjaldið og setur reglur fyrir slíkum framkvæmdum.

## II. kafli.

### Um póstferðir og póstflutning.

7. gr.

Póststjórnin sjer um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún sjálf á, eða öðrum fararbeina, eptir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

8. gr.

Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi milli tiltekinna staða, er skyldur til, ef þess er krafizt, að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni, allt að 25 kílógramma (50 punda) þunga í hverri ferð. Hann skal auk þess að minnsta kosti 24 stundum áður en hann í fyrsta skipti leggur af stað, skýra næsta pósthúsi frá flutningum þessum og ferðaáætlun og á sama hátt skýra frá breytingum þeim, sem þar á kunna að verða gjörðar.

Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, sem óviðkomandi menn komast ekki að, og skylt er að skila póstflutningnum á rjettum stöðum.

Sje eigi öðruvísi um samið, skal borga 5 aura fyrir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga af því, sem póstflutningurinn nemur alls í hverri ferð.

9. gr.

Hvert skip, sem afgreitt er frá höfn á Íslandi, er skyldugt til, eptir áskorun póststjórnarinnar, að taka til flutnings þær sendingar, sem nefndar eru í 2. gr. staflið a. Sje skipið haft í reglubundnum flutningaferðum, er það einnig skyldugt til að taka til flutnings þær sendingar aðrar, sem nefndar eru í 2. gr., og skal póststjórninni heimilt að hengja upp á skipum þessum, þar sem hentugast þykir, læsta póstbrjefakassa og heimta, að fyrir peningabrjef og böggla sje autt rúm að minnsta kosti 40 teningsfet á stærð.

Útgjörðarmaður eða skipstjóri þess skips, sem senda á í reglubundnar flutningaferðir, er skyldur til í tækan tíma og í síðasta lagi samtímis hinni fyrstu auglýsing sinni um ferðirnar, að segja póststjórninni til um leið skipsins, viðkomustaði, farartíma og komutíma og eins um sjerhverja þá breyting, sem gjörð verður á ferðum þessum síðar.

Hafi póststjórnin annaðhvort við sjerstakt tækifæri, eða með almennri auglýsing fyrir þau skip yfirhöfuð, sem eiga leiðir á ákveðna staði, krafizt þess, að póstflutningur verði hafður meðferðis, þá skulu skipstjórar á skipum þessum, ef þau eru eigi höfð í reglubundnum flutningaferðum, segja til þess í tækan tíma á pósthúsinu á þeim stað,

c. Genstande, hvis Befordring er forbunden med Fare, saasom branfarlige, eksploderende, ætsende og lignende Sager, samt ildelugtende Genstande. Nr. 43. 16. Novbr.

Fortielse eller falsk Angivelse af saadanne Forsendelsers Indhold berettiger Postvæsenet til Erstatning for den derved opstaaede Skade.

§ 6.

Postvæsenet er ved Siden af den i §§ 2 og 4 nævnte Virksomhed bemyndiget til at paatage sig andre med dets Bestemmelse forenelige Forretninger, saasom at lade udbringe Breve med Ilbud samt besørge Befordring af Forsendelser inden Bygden eller Byen. I saa Fald fastsætter Postvæsenet Portoen for saadanne Forretninger og Reglerne for deres Udførelse.

## Afsnit II.

### Om Postgangen og Postens Befordring.

§ 7.

Postvæsenet skal enten ved dets egne eller ved andre Befordringsmidler sørge for Postens regelmæssige Befordring, saaledes som det skønnes hensigtsmæssigt i Forhold til Postforsendelsernes Omfang og Betydning.

§ 8.

Enhver, som besørger regelmæssig Personbefordring over Land mellem bestemte Pladser, er pligtig til, om forlanges, at befordre Post mellem Endestationerne og de mellemliggende Poststeder indtil en samlet Vægt paa hver Rejse af 25 Kilogram (50 Pund). Han skal derhos, mindst 24 Timer inden den første Rejse begyndes, meddele nærmeste Posthus Underretning om bemeldte Befordring og Køreplanen for samme og paa samme Maade anmelde de mulig heri indtrædende Forandringer.

Postgodset skal opbevares paa et sikkert Sted, hvor ingen uvedkommende har Adgang dertil, samt afleveres paa de rigtige Steder.

Er ingen anden Overenskomst truffen, betaler Postvæsenet 5 Øre for hvert $\frac{1}{2}$ Kilogram (hvert Pund) eller derunder af den hele paa en Tur til Befordring overleverede Bruttovægt.

§ 9.

Det paaligger ethvert Skib, som ekspederes fra en Havn i Island, efter Postvæsenets Forlangende at modtage de i § 2 Litra a. nævnte Forsendelser. Farer Skibet i Paketfart, er det ogsaa pligtigt at medtage de øvrige i § 2 ommeldte Forsendelser, hvorhos Postvæsenet har Ret til paa et passende Sted i Skibet at lade anbringe laasede Brevkasser og at forlange, at der holdes et Rum aabent af indtil 40 Kubikfods Størrelse til Pengebreve og Pakker.

Rederen eller Føreren af det Skib, hvormed Paketfart agtes udført, er pligtig betimelig og senest samtidig med den første Bekendtgørelse af Farten at anmelde for Postvæsenet Ruten, Anløbsstederne, Afgangs- og Ankomsttiderne og paa samme Maade de mulig deri indtrædende Forandringer.

Har Postvæsenet enten for et særligt Tilfælde eller ved offentlig Bekendtgørelse med Hensyn til Skibe i Almindelighed, bestemte til visse Steder, forlangt Post medtaget, have Førerne af saadanne Skibe, naar de ikke fare i Paketfart, betimelig og senest 24

Nr. 43. 16. nóvbr. sem þeir byrja ferð sína frá, og í seinasta lagi 24 klukkustundum áður, hvaða dag og stund þeir ætla sjer að halda í burt, og mega þeir þá ekki fyrr fara, nema póstsendingar sjeu á skip komnar.

Á leiðinni skal skipstjóri geyma sendingarnar á þeim stað, þar sem þeim er óhætt og óviðkomandi menn komast ekki að þeim, og annast um þær sjerstaklega, hvenær sem einhver hætta ber að höndum.

Neyðist skipstjóri til að leita annarar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann segja til á pósthúsinu þar, að hann hafi póstsendingar meðferðis. Sje þar ekkert pósthús, skal hann láta þann embættismann, sem hann annars kann að hitta, vita það og fara eptir þeim ráðstöfunum, sem þá kunna að verða gjörðar og honum verður frá skýrt.

Þegar skipstjóri kemur þangað, sem ferðinni var heitið, skilar hann tafarlaust af sjer póstsendingunum á pósthúsinu, er hann er lagstur við akkeri.

Ef eigi er annað um samið, borgar póststjórnin fyrir flutning sendinga þeirra, er hjer um ræðir, fyrir allt, sem tekið er til flutnings í einni ferð, eptir þyngd með umbúðum:

a. Milli hafna á Íslandi 10 aura fyrir hvert $1\frac{1}{2}$ kílógramm (3 pund) eða minna;

b. Milli annara staða 10 aura fyrir hvert $1\frac{1}{2}$ kílógramm (3 pund) eða minna fyrir hverjar 50 vikur sjávar af beinni leið.

Ókeypis skulu flutt aptur brjef, sem eigi ná að komast til skila, tómir póstpokar, töskur eða annað því um líkt.

10. gr.

Verði póstarnir eða fargögn þau, sem póstflutningur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða ef þeir þurfa aðstoðar við af öðrum ástæðum til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað að veita póstunum alla þá hjálp, er hann getur í tje látið, mót sanngjarnri borgun.

Þá borgun greiðir póststjórn eptir samkomulagi við hlutaðeigendur eða eptir úrskurði hlutaðeigandi lögreglustjóra, ef samkomulag næst eigi.

Skyldir eru menn til að víkja úr vegi fyrir póstum, ef þörf gjörist, þegar merki er gefið með póstlúðrinum í hæfilegri fjarlægð.

## III. kafli.

### Um burðargjald og aðrar póstgreiðslur.

11. gr.

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1) Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,

| | |
|---|---|
| ef þau vega 20 grömm (4 kvint) eða minna .................... | 10 aurar |
| ef þau vega yfir 20 grömm (4 kvint) að 125 grömmum (25 kvintum).. | 20 — |
| ef þau vega yfir 125 grömm (25 kvint) að 250 grömmum (50 kvintum) | 30 — |

Sjeu eigi viðhöfð frímerki eða eigi næg frímerki, verður burðargjald það, sem ógreitt er, tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið.

Burðargjald fyrir óborguð brjef til eða frá stjórnarvöldum og sveitar eða bæjarstjórnum tvöfaldast ekki.

| | |
|---|---|
| Spjaldbrjef .................................. | 5 aurar |
| Spjaldbrjef með borguðu svari ........................ | 10 — |

Timer før Afrejsen at anmelde for Afgangsstedets Posthus Dag og Time, naar de agte at afgaa, og maa da ikke afgaa tidligere, medmindre Posten er bragt om Bord. Nr. 43. 16. Novbr.

Det er Skibsførerens Pligt undervejs at bevare den ham betroede Post paa et sikkert, for uvedkommende utilgængeligt Sted og i ethvert mødende Tilfælde at yde den særlig Omsorg.

Nødsages Skibsføreren til at søge anden Havn end den, hvortil han var bestemt, skal han anmelde paa det derværende Posthus eller, hvis intet saadant findes, for den Embedsmand, med hvem han ellers maatte komme i Forbindelse, at han har Post om Bord, og følge den Bestemmelse, som derefter maatte blive truffen og meddelt ham.

Ved Ankomsten til Bestemmelsesstedet har Skibsføreren, saa snart han er kommen til Ankers, uopholdelig at aflevere Posten til Posthuset.

Er ingen anden Overenskomst truffen, betaler Postvæsenet for den heromhandlede Medtagelse af Post for den hele paa en Tur til Befordring overleverede Bruttovægt:

a. mellem Steder i Island, 10 Øre for hver $1\frac{1}{2}$ Kilogram (3 Pund) eller derunder;

b. mellem andre Steder 10 Øre for hver $1\frac{1}{2}$ Kilogram (3 Pund) eller derunder for hver 50 islandske Sømil af den direkte Afstand.

Ubesørgede Breve samt tomme Postsække, Tasker og deslige skulle befordres frit tilbage.

§ 10.

Saafremt Postførerne paa deres Rejser med Posten komme til Skade undervejs enten paa deres Person eller deres Befordringmidler, eller de i øvrigt have Hjælp nødig for at komme frem, skal enhver imod billig Betaling uopholdelig yde dem al mulig Bistand.

Betalingen for den ydede Bistand afgøres ved Overenskomst mellem Postvæsenet og dem, som have ydet samme, og fastsættes i Mangel af saadan mindelig Afgørelse af vedkommende Politimester.

De vejfarende ere pligtige til om fornødent at vige til Side for Postførerne, naar der i passende Afstand gives Signal med Posthornet.

## Afsnit III.

### Om Betalingen for Benyttelse af Posten.

§ 11.

Portoen er for enhver af de i § 2 omhandlede Postforsendelser:

a. Forløse Breve:

1) almindelige Breve, som forud ere frigjorte:

| | |
|---|---|
| naar de veje 20 Gram (4 Kvint) eller derunder | 10 Øre |
| over 20 Gram (4 Kvint) indtil 125 Gram (25 Kvint) | 20 — |
| — 125 — (25 Kvint) — 250 — (50 Kvint) | 30 — |

Ere de ikke forud frigjorte eller delvis frigjorte, udtakseres de i en Porto lig det dobbelte af den manglende Franko.

For ufrigjorte Breve til eller fra Statsmyndigheder og kommunale Myndigheder betales dog kun enkelt Porto.

| | |
|---|---|
| Brevkort | 5 Øre |
| Brevkort med betalt Svar | 10 — |

Nr. 43.
16.
nóvbr.

2) Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi eða aðeins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru höfð, 3 aurar fyrir hver 50 grömm (10 kvint) eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefur fyrirlagt, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3) 15 aurar greiðist ennfremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

5 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 15 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafizt, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna .................................. 10 aurar
og fyrir hverjar 1,000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er ........ 5 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. Fyrir böggla:

1) Með landpóstum:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga .......................... 30 aurar
Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm (25 kvint) eða minni þunga.................... 25 aurar

2) Með skipum, ef eigi á og að senda yfir land:

10 aurar fyrir hvern böggul og að auki 10 aurar fyrir hvert ½ kílógramm (hvert pund), sem böggullinn vegur. Brot úr pundi skal talið sem heilt pund.

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eptir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið, skal borgað 50 % meira.

Sje verð tilgreint í bögglinum, skal ennfremur greiða ábyrgðargjald það, sem ákveðið er í staflið b.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík verðbrjef og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrjef segir; en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2,000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sjerstaklega.

d. Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð ........................................ 15 aurar
yfir 25 kr. allt að 100 kr. ....................................... 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póstkröfur greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir.

f. Fyrir blöð tímarit:

Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga........................ 10 aurar
Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga ........................ 30 aurar

2) trykte Sager under Kors- eller Enkeltbaand eller simpelthen sammenlagte eller bestaaende af aabne Kort samt Vareprøver og Mønstre, naar de ere forud frigjorte, 3 Øre for hver 50 Gram (10 Kvint) eller derunder. Nr. 43. 16. novbr.

Indeholde de andet skrevet end af Postbestyrelsen tilladt, eller ere de ikke behandlede efter de af denne givne Regler for Indpakningen, hvis Beskaffenhed maa være saadan, at Indholdet med Lethed kan undersøges, anvendes Taksten for almindelige Breve, som ikke forud ere frigjorte.

3) for Anbefaling af de under Nr. 1 og 2 omhandlede Forsendelser betales endvidere 15 Øre for hver.

b. For Pengebreve:

En Forsikringspræmie af 5 Øre for hver 100 Kroner eller derunder af den paa Brevet angivne Værdi, dog ikke mindre end 15 Øre, og desuden den samme Porto som for et almindeligt Brev.

Forlanges Indholdet af en Pengeforsendelse ved Indleveringen eftertalt paa Posthuset, beregnes herfor, hvad enten Indholdet bestaar i gangbar Mønt eller Pengerepræsentativer, Obligationer lydende paa Ihændehaveren eller andre lignende Papirer:

for Beløb af 500 Kroner eller derunder .......................... 10 Øre
og for hvert følgende 1,000 Kroner eller derunder .................. 5 —

Betalingen for Eftertælling tilfalder vedkommende Posthus.

c. For Pakker:

1) Med Landposterne:

Fra 15. April til 14. Oktober, begge Dage medregnede, for hvert ½ Kilogram (hvert Pund) eller derunder .......................... 30 Øre

Fra 15. Oktober til 14. April, begge Dage medregnede, for hver 125 Gram (25 Kvint) eller derunder .......................... 25 —

2) Med Skibslejlighed uden at skulle føres over Land:

10 Øre for hver Pakke og desuden 10 Øre for hvert ½ Kilogram (hvert Pund) i Pakkens Vægt. Brøkdele af et Pund regnes som et helt Pund.

For Pakker, som i Forhold til deres Vægt optage stor Plads eller ifølge deres Beskaffenhed kræve en særlig omhyggelig Behandling, udredes en Tillægsporto af 50 pCt.

Er Værdi angiven, betales endvidere den under Litra b. anførte Forsikringspræmie.

Indeholder Pakken gangbar Mønt, Pengerepræsentativer, Obligationer lydende paa Ihændehaver eller andre lignende Papirer, og forlanges dette Indhold eftertalt, da sker det paa samme Vilkaar som for Pengebreve, dog kan et større Beløb i møntede Penge end 2,000 Kroner i en enkelt Forsendelse ikke forlanges eftertalt.

For Adressebreve erlægges ingen særskilt Porto.

d. For Postanvisninger:

25 Kr. eller derunder .......................... 15 Øre
over 25 Kr. indtil 100 Kr. .......................... 30 —
og 15 Øre for hvert følgende 100 Kr. eller derunder.

e. For Postopkrævninger erlægges samme Porto som for Postanvisninger.

f. For Tidender og Tidsskrifter:

I Tidsrummet fra 15. April til 14. Oktober, begge Dage medregnede, for hvert ½ Kilogram (hvert Pund) eller derunder .......................... 10 Øre

I Tidsrummet fra 15. Oktober til 14. April, begge Dage medregnede, for hvert ½ Kilogram (hvert Pund) eller derunder .......................... 30 —

Nr. 43. 16. nóvbr. Það skal allt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu fleiri og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum til kvittunar af hálfu viðtakenda, verður undir hann að borga sem fyrir almennt brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörzlum póststjórnarinnar, verða sendar aptur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 2 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

12. gr.

Borgun sú, sem ákveðin er í 11. gr., skal greiðast fyrirfram fyrir:

ábyrgðarbrjef;

póstávísanir;

póstkröfur;

móttökukvittanir;

krossbandssendingar, og blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. f.;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna að undanskildum sendingum, sem eru frá öðrum en þesskonar mönnum, þegar þær aðeins eru umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir og sendandi hefur með eiginhandar undirskript vottað það á sendingunni;

spjaldbrjef og brjef, sem eru opin eða utan á þau er ritað svo að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Borgunina fyrir allar þær póstsendingar, sem eigi eru nefndar að framan í þessari grein, má greiða eptir því, sem sendandi óskar, annaðhvort á pósthúsinu, sem sendingin er send frá, eða því, sem hún er send til, eða að nokkrum hluta á báðum stöðum.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eptir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafizt af póststjórninni.

13. gr.

Burðargjald greiðist fyrir fram með því að líma á brjef, peningabrjef og fylgibrjef með bögglum frímerki.

Burðargjald fyrir blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt 11. gr. f, borgast í peningum.

Frímerki, spjaldbrjef opin og sem loka má, er póststjórninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir hvert hundrað af frímerkjum eða 25 spjaldbrjef, sem keypt eru í einu, borgar kaupandi 4 % minna, en þau hljóða upp á. Póststjórnin lætur og búa til eyðublöð undir póstávísanir, póstkröfur, fylgibrjef og póstkvittanabækur og tiltekur verðið á þeim.

14. gr.

Til þess að borga undir sendingar, sem landssjóður endurborgar burðargjaldið fyrir eptir reikningi, má nota þjónustufrímerki. Hinar nánari reglur um þetta svo og um reikningsskilin verða gefnar í reglugjörð þeirri, sem getur um í 27. gr.

Alle Forsendelser af samme Tidende eller Tidsskrift, der paa en Gang indleveres paa Posthuset, vejes samlede under eet, selv om de ere bestemte til forskellige Adressater. Nr. 43. 16. Novbr.

Postbestyrelsen fastsætter de nærmere Regler vedrørende disse Forsendelser.

Medfølger et Bevis til Erhvervelse af Modtagerens Kvittering for anbefalede Breve, Pengebreve eller Pakker, betales for dette Bevis som for et almindeligt Brev.

Naar Pengebreve eller Pakker, der ikke have været ude af Postvæsenets Værge, tilbage- eller videresendes fra det oprindelige Bestemmelsessted, betales for Penge- og Værdiforsendelser en Tillægsporto af 2 Øre for hver 100 Kr. og for Pakker en Tillægsporto, der udgør Halvdelen af den i Litra c. fastsatte Porto.

§ 12.

Den i § 11 fastsatte Betaling skal erlægges forud for:

Anbefalede Breve;

Postanvisninger;

Postopkrævninger;

Modtagelsesbeviser;

Korsbaandsforsendelser samt Tidender og Tidsskrifter, som befordres overensstemmende med § 11 f.;

Forsendelser til Kongen og Medlemmerne af det kongelige Hus;

Forsendelser til Statsmyndigheder og kommunale Myndigheder med Undtagelse af saadanne Forsendelser, som afgaa fra andre end Statsmyndigheder og kommunale Myndigheder, naar de alene angaa anbefalet Beretning eller afæsket Erklæring og af Afsenderen med egenhændig Underskrift udenpaa Forsendelsen ere betegnede i Overensstemmelse hermed;

Brevkort samt Breve, der ere aabne eller have en saadan Udskrift eller Paategning, at Modtageren af den vil kunne slutte sig til Indholdet.

Betalingen for alle i det foregaaende ikke nævnte Forsendelser kan efter Afsenderens Valg erlægges enten paa Afgangs- eller Bestemmelsesstedet eller delvis paa begge Steder.

Private Afsendere ere pligtige til at efterbetale de paaløbne Postpenge for Forsendelser, der ikke ere indløste af Modtageren, for saa vidt saadant af Postvæsenet fordres.

§ 13.

Forudbetalingen af Porto for Breve, Penge og Pakker finder Sted ved Anvendelsen af Postfrimærker, der anbringes paa Forsendelserne, for Pakkesagers Vedkommende paa Adressebrevene.

Porto for Tidender og Tidsskrifter, som forsendes overensstemmende med § 11 f., betales kontant.

Frimærker, aabne Brevkort og Korrespondancekort indrettede til at lukkes, udfærdiges af Postvæsenet til de Værdier, som det finder hensigtsmæssigts, og forhandles paa samtlige Poststeder. For hvert Hundrede Frimærker eller for hver 25 Brevkort eller Korrespondancekort, som købes paa een Gang, betaler Køberen 4 pCt. mindre end den paalydende Værdi. Postvæsenet udfærdiger ogsaa Blanketter til Postanvisninger, Postopkrævninger, Adressebreve og Postkvitteringsbøger samt bestemmer deres Salgspris.

§ 14.

Til Frigørelse af de Postforsendelser, for hvilke Portoen refunderes af Landskassen efter Regning, kunne Tjenestefrimærker anvendes. De nærmere Regler herfor samt for Regnskabsaflæggelsen fastsættes i det i § 27 ommeldte Reglement.

Nr. 43.
16. nóvbr.

15. gr.

Fyrir störf þau, sem nefnd eru hjer á eptir, skal sendandi greiða þessi gjöld, er renna til hlutaðeigandi pósthúss:

a. Fyrir hverja viðurkenning fyrir, að eitthvað sje látið á póst 5 aura. Þó skal sá, sem sendir, eigi þurfa að borga fyrir þessa viðurkenning, ef hann hefur póstkvittunarbók með sjer, sem póststjórnin hefur fyrirskipað, og hefur innfært allt viðvíkjandi sendingunni í rjetta dálka, svo að póstmaður þarf ekki annað en að skrifa nafn sitt. Póstkvittanabækur skulu vera til sölu á póstafgreiðslustöðum.

Kvittanir fyrir, að sendingar með þjónustufrímerkjum hafi verið afhentar á póst, skulu gefnar ókeypis. Í kvittunum fyri blöð og tímarit skal tilgreint, hvenær þau voru látin á póstinn. Ef margar sendingar frá sama sendanda til sama móttakanda eru látnar í einu á póstinn, má krefjast þess að þær sje allar settar á sömu kvittan.

Kvittanir fyrir lausum brjefum, sem engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar.

b. 5 aura fyrir hvert af þeim störfum, sem hjer eru nefnd:
fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu;
fyrir að setja á merki, sem þörf er á;
fyrir að búa um peningabrjef;
fyrir utanáskript eða fyrir að fylla út fylgibrjef.

## IV. kafli.

### Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

16. gr.

Glatist ábyrgðarbrjef í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða þeim, sem sendi, 20 kr. í skaðabætur.

Glatist peningabrjef meðan það var í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin það sem greint var á brjefinu um verðið; glatist eitthvað af innihaldi þess, bætir hún það sem vantar á það, sem tilgreint var.

Týnist böggulsending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 krónu fyrir hvert pund af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrr er sagt um peningabrjef.

Sje sending týnd með öllu, skal og borga aptur burðargjald það, sem greitt hefur verið.

Sendingar eru í vörzlum póststjórnarinnar frá því að þeim er veitt móttaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eptir því sem utanáskriptin segir, eða sje staður sá, sem sending á að fara til, fyrir utan póstumdæmi Íslands, þá þangað til hún er afhent til frekari fyrirgreiðslu hlutaðeigandi póststjórn erlendis. Glatist póstsending eða skemmist í erlendu póstumdæmi, er póststjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eptir þeim póstsamningum, sem gjörðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

Skaðabætur greiðast ekki:

a. þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum;

§ 15. Nr. 43. 16. Novbr.

For nedennævnte Ydelser erlægger Afsenderen følgende Beløb, som tilfalde vedkommende Posthus:

a. For Tilstaaelse for Indlevering af en Forsendelse 5 Øre. Dog behøver Afsenderen ikke at erlægge Betaling for en saadan Tilstaaelse, hvis han medbringer en af Postvæsenet foreskreven Postkvitteringsbog, hvori han har indført alt Forsendelsen vedrørende i de rigtige Rubrikker, saa at vedkommende Postfunktionær kun har at indføre sit Navn. Postkvitteringsbøger skulle haves til Forhandling paa Postekspeditionsstederne.

Tilstaaelse for Indlevering af Forsendelser med Tjenestefrimærker meddeles uden Betaling. — I Tilstaaelser angaaende Indleveringen af Tidender og Tidsskrifter angives den Tid, Indleveringen er sket. — Flere samtidig indleverede Forsendelser fra samme Afsender til samme Modtager kunne forlanges opførte i et Bevis.

Tilstaaelse for ikke anbefalede løse Breve kan ikke forlanges.

b. For enhver af de efternævnte Ydelser 5 Øre:
for at tillægge Lak til Forsegling af en Forsendelse;
for at forsyne en saadan med fornødent Mærke;
for at konvulutere et Pengebrev.;
for at paaskrive en Adresse eller at udfylde et Adressebrev.

## Afsnit IV.

### Om Postvæsenets Erstatningspligt.

§ 16.

Er et anbefalet Brev bortkommet, medens det var i Postvæsenets Værge, godtgøres der Afsenderen et Beløb af 20 Kr.

Er et Pengebrev bortkommet, eller en Del af dets Indhold gaaet tabt, medens det var i Postvæsenets Værge, erstatter Postvæsenet Afsenderen i første Tilfælde den paa Forsendelsen angivne Værdi, i sidste Tilfælde det Beløb, der maatte mangle i den angivne Værdi.

Er en Pakkeforsendelse bortkommen eller beskadiget, eller en Del af dens Indhold gaaet tabt, medens den var i Postvæsenets Værge, erstatter Postvæsenet Afsenderen Skaden, dog ikke udover 1 Kr. pr. Pund af hele Forsendelsens Bruttovægt, Hvis Værdi har været angivet, kan Erstatning forlanges efter de foran om Pengebreve fastsatte Regler.

Er en Forsendelse helt bortkommen, erstattes desuden den for samme erlagte Porto.

En Forsendelse er i Postvæsenets Værge fra dens Modtagelse af Postvæsenet, indtil den er afleveret efter Adressen, eller, hvis Bestemmelsesstedet er beliggende uden for islandsk Postomraade, indtil den er afleveret til vedkommende fremmede Postvæsen, Bortkommer eller beskadiges en Postforsendelse paa fremmed Omraade, er Postvæsenet erstatningspligtigt overfor Afsenderen overensstemmende med de Postkonventioner, som maatte være afsluttede med vedkommende Land.

Erstatning ydes ikke:

a. naar Skaden udelukkende har sin Grund i Indholdets Beskaffenhed eller en uhensigtsmæssig Indpakning;

Nr. 43. 16. nóvbr. b. þegar sending hefur eigi skaddast að utan á umbúðum eða innsigli svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmzt eða aflagazt; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbrjefum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósködduð eða ekki, ef það fje var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.

Bætur þær, sem póststjórnin á að gjalda eptir því, sem nú er sagt, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatast hefur eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinlínis afleiðingar skaðans.

Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

17. gr.

Skylda til skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafizt af póststjórninni innan árs frá því, er sendingin var látin á póstinn.

## V. kafli.

### Um brot gegn póstlögunum.

18. gr.

Brot á móti ákvæðunum í 3. gr. varðar sektum frá 2 til 10 kr. fyrir hverja þá sending, er nefnd er í 2. gr. a. 1. og b. og flutt hefur verið ólöglega, hvort sem sendingin hefur verið flutt fyrir borgun eða ekki, og auk þess skal borga venjulegt burðargjald fyrir sendinguna. Sektafjeð og burðargjaldið má heimta annaðhvort af sendanda eða þeim, sem tekið hefur sendinguna til flutnings. Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur það mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar.

19. gr.

Fyrir að senda peninga eða aðra verðmæta muni, sem nefndir eru í 2. gr. staflið a., síðustu málsgrein, tilsagnarlaust í lausum brjefum án ábyrgðar, skal liggja við sekt, er sje fimmtungur af verði því, sem leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

20. gr.

Embættismenn þeir eða sýslunarmenn, sem nota þjónustufrímerki til annara sendinga en þeirra, er leyft er, eða láta aðra menn fá þau til þess, sem þeim ekki er leyft, eða með öðru móti verða þess valdandi, að heimtað verði af landssjóði meira fje fyrir burðargjald en þeim ber, skulu sæta 10 til 100 króna sektum.

21. gr.

Fyrir misferli af hálfu þeirra, sem halda uppi fólksflutningum á landi og skipsútgjörðarmanna og skipstjóra á því, sem þeim er gjört að skyldu í 8. og 9. gr., skal greiða 5 til 20 króna sekt. Valdi þau misferli póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi þar að auki endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi.

b. naar en indpakket Forsendelse ikke har lidt en ydre Beskadigelse paa Indpakning eller Segl, som staar i Forbindelse med Indholdets Beskadigelse eller Forvanskning. Dog skal Skade med Hensyn til Penge og Værdipapirer, der ere blevne eftertalte ved Indleveringen, erstattes uden Hensyn til, om Indpakning eller Segl er ubeskadiget. Nr. 43. 16. Novbr.

Den Erstatning, som ifølge foranstaaende Regler ydes af Postvæsenet, omfatter alene den bortkomne Tings Værdi eller den Værdiforringelse, som den beskadigede Ting har lidt, derimod ikke den tabte Fordel, Afsavnet, Kurstab eller i det hele de middelbare Følger af Skaden.

For andre end de i nærværende Paragraf nævnte Postforsendelser ydes ingen Erstatning.

§ 17.

Erstatningspligten ophører, naar Kravet ikke er anmeldt for Postvæsenet inden et Aar efter Genstandens Indlevering.

## Afsnit V.

### Om Overtrædelse af Postlovgivningen.

§ 18.

Overtrædelser af Bestemmelserne i § 3 straffes med Bøder af 2 til 10 Kroner for hver af de i § 2 a. 1 og b. nævnte Forsendelser, der har været Genstand for ulovlig Befordring, uden Hensyn til om Befordringen er sket for Betaling eller ej, hvorhos takstmæssig Porto bliver at erlægge for Forsendelsen. Bøden og Portoen kan indfordres enten hos Afsenderen eller hos den, som har modtaget Forsendelsen til Besørgelse. Ved Bestemmelsen af Bøden for Afsenderen vil der være at tage væsentlige Hensyn til, om han selv eller den, som besørgede Forsendelsen, er en i Postvæsenets Tjeneste staaende Person.

§ 19.

For uden Angivelse at forsende Penge og de øvrige i § 2 Litra a sidste Stykke nævnte Værdisager i ikke anbefalede løse Breve, bødes Femtedelen af den fordulgte Værdi, dog ikke over 20 Kr.

§ 20.

Embeds- eller Bestillingsmænd, som enten selv anvende Tjenestefrimærker til andre Forsendelser end saadanne, for hvilke det er dem tilladt, eller som overlade andre bemeldte Frimærker i saadanne Tilfælde, hvor det ikke er dem tilladt, eller som paa anden Maade forvolde, at der affordres Landskassen en større Godtgørelse for udlagt Porto, end der tilkommer dem, straffes med Bøder fra 10 til 100 Kroner.

§ 21.

For Overtrædelse af, hvad der efter ovenstaaende §§ 8 og 9 i Henseende til Posten paahviler Entreprenører for Personbefordring over Land samt Redere og Skibsførere, bøder vedkommende 5 til 20 Kroner. Foranlediger Overtrædelsen Erstatningsansvar for Postvæsenet, er vedkommende desuden pligtig til at godtgøre Postvæsenet den Erstatning, dette skal yde.

Sömu hegningu skal sá sæta, er veitir eigi póstunum tafarlaust þá hjálp, sem um er rætt í 10. gr., svo og sá, sem eigi hlýðir ákvæðinu í síðasta hluta sömu greinar um að víkja úr vegi fyrir póstum.

22. gr.

Sektir þær, sem um er rætt í 18—21. gr. ákveður póststjórnin og skal úrskurður hennar standa óhaggaður, nema hlutaðeigandi innan 14 daga frá því, er honum var birtur úrskurðurinn, heimti að málið gangi til dóms, og skal þá með það farið sem almennt lögreglumál.

Póststjórninni er heimilt, ef ástæða virðist til þess í stöku tilfellum, að færa niður ofangreindar sektir eða gefa þær upp með öllu.

23. gr.

Sektir þær, sem nefndar eru í 18.—20. gr., falla til þess, sem með frásögn sinni kemur því til leiðar, að hin drýgðu brot komast upp. Aðrar sektir og burðargjald, sem undan hefur verið dregið, renna í póstsjóð.

## VI. kafli.

### Ýmisleg ákvæði.

24. gr.

Sá, sem látið hefur eitthvað á póst, hefur ráð yfir því, þangað til því er skilað.

Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er skila átti.:

a. Sendingar frá mönnum, sem eru í varðhaldi eða fangelsi, eða til þeirra, má afhenda eptir því sem reglugjörð fangelsisins mælir fyrir eða rannsóknardómaranum.
b. Ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla má, ef bú móttakanda er undir skiptum, afhenda þeim, er fyrir skiptunum ráða.

Sendingar, sem eigi komast til skila (26. gr.), skulu opnaðar og með þær farið eins og póststjórnin leggur fyrir.

Annars má enginn, sem er í póstþjónustu, gefa nokkrum manni út í frá neina vísbendingu um það, sem annar maður sendir með pósti, og eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, með vitund póstmanna opna nje lesa af óviðkomandi mönnum.

25. gr.

Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt að halda honum eptir eða því, sem hann hefur inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum eða því, sem hann hefur inni að halda.

Ef skera á úr því, hvort eitthvað hafi með löglegu móti verið látið á póstinn eða sent með honum, og úrskurður þessi er kominn undir því, hvers eðlis eða innihalds sendingin er og hún er í vörzlum póststjórnarinnar, má hún heimta, að sendingin verði í viðurvist póstmanns opnuð og rannsökuð af móttakanda eða þá sendanda. Verði þessu eigi hlýtt, má póststjórnin ráða yfir hlutnum eins og áður var getið.

Med samme Straf anses den, der ikke uopholdelig yder Posten den i § 10 omhandlede Hjælp, saavel sam den, som ikke efterkommer den i samme Paragrafs sidste Stykke indeholdte Bestemmelse om at vige af Vejen for Postbefordringer. Nr. 43. 16. Novbr.

§ 22.

De i §§ 18—21 ommeldte Bøder fastsættes af Postbestyrelsen, ved hvis Kendelse det har sit Forblivende, saafremt vedkommende ikke inden 14 Dage, efter at Kendelsen er blevet ham meddelt, kræver Afgørelse ved Domstolene, i hvilket Fald Sagen behandles som offentlig Politisag.

Postbestyrelsen er bemyndiget til, naar dertil i enkelte Tilfælde maatte findes Anledning, at nedsætte eller endog eftergive de her omhandlede Bøder.

§ 23.

De i §§ 18—20 omhandlede Bøder tilfalde den, der ved sin Anmeldelse giver Anledning til Opdagelsen af de paagældende Forseelser. Andre Bøder og den besvegne Porto beregnes til Indtægt for Postvæsenet.

## Afsnit VI.

### Forskellige Bestemmelser.

§ 24.

Afsenderen har Raadighed over en Postforsendelse, indtil den er afleveret.

Følgende Forsendelser kunne afleveres til andre end Adressaten:

a. de fra eller til arresterede eller fængslede afsendte eller ankomne Forsendelser, hvilke kunne afleveres i Overensstemmelse med Fængselsreglementet eller til Forhørsdommeren;

b. de til Adressater, hvis Bo er under Skiftebehandling, bestemte anbefalede Breve, Penge og Pakkesager, hvilke kunne afleveres til Skifteforvaltningen.

Ubesørgede Forsendelser (§ 26) aabnes og behandles efter de af Postbestyrelsen fastsatte Regler.

Iøvrigt maa der ikke af nogen af de ved Postvæsenet beskæftigede gives uvedkommende Trediemand nogen som helst Underretning om andres Benyttelse af Posten, og ej heller maa noget af det, som er overgivet Postvæsenet til Besørgelse, med Funktionærernes Vidende aabnes eller læses af uvedkommende.

§ 25.

I ethvert Tilfælde, hvor en Bøde, Porto eller Erstatning skal erlægges i Anledning af en i Postvæsenets Værge værende Genstand, er Postvæsenet berettiget til at tilbageholde denne eller dens Indhold, indtil Beløbet er betalt, og til i Mangel af Betaling fuldstændig at raade over Genstanden eller Indholdet.

Beror Afgørelsen af Spørgsmaalet om Lovligheden af en stedfunden Indlevering eller Forsendelse paa Beskaffenheden af den paagældende i Postvæsenets Værge værende Genstand eller dens Indhold, kan Postvæsenet forlange Genstanden aabnet og undersøgt af Modtageren eller eventuelt af Afsenderen i Overværelse af en Postfunktionær. Efterkommes et saadant Forlangende ikke, kan Postvæsenet raade over det omspurgte, saaledes som ovenfor anført.

Nr. 43.
16. nóvbr.

26. gr.

Póstsendingar þær, sem eigi er hægt að skila þeim, sem við átti að taka, skal selja póstsjóði í hag. En ef sá segir til sín innan missiris frá því, er selt var, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

27. gr.

Reglugjörðir um framkvæmd á lögum þessum semur stjórnarráð Íslands eptir þörfum.

28. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, svo og lögin um breytingar á greindri tilskipun frá 15. október 1875, 10. október 1879 og 9. janúar 1890, og ennfremur sjerhver önnur ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í þessum lögum, og ekki byggjast á samningi eða samkomulagi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

§ 26.

Postforsendelser, som ikke kunne besørges til rette vedkommende, realiseres til Fordel for Postvæsenet. Skulde vedkommende melde sig inden 6 Maaneder, efter at Realisationen har fundet Sted, betales det ved denne indvundne Nettoudbytte tilbage, dog uden Renter.

§ 27.

De til nærværende Lovs Gennemførelse fornødne reglementariske Bestemmelser fastsættes af Ministeriet for Island.

§ 28.

Ved nærværende Lov ophæves Forordning om Postvæsenet i Island af 26de Februar 1872 og Lovene om Forandring i samme Forordning af 15. Oktober 1875, 10. Oktober 1879 og 3. Januar 1890 saavel som enhver anden ikke paa Kontrakt eller Overenskomst beroende Bestemmelse, som strider imod de i nærværende Lov givne Forskrifter.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 16. November 1907.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*